

**Mat á búsvæðum laxaseiða
í Laxá á Ásum**

**Bjarni Jónsson
Eik Elfarsdóttir**

Veiðimálastofnun Hólum, júlí 2002 VMST-N/0210

Efnisyfirlit

| | |
|------------------|--------|
| Inngangur..... | bls. 1 |
| Aðferðir..... | bls. 2 |
| Niðurstöður..... | bls. 3 |
| Umræða..... | bls. 4 |
| Heimildir..... | bls. 5 |
| Töflur | |
| Myndir | |
| Viðauki | |

Inngangur

Það sem almennt ræður mestu um einkenni og frjósemi íslenskra vatnakerfa eru gerð berggrunnsins, viðstöðutími vatns, gróðurfar og veðurfar. Eftir því sem halli lands er meiri er straumhraði vatnsins einnig meiri. Straumurinn hrífur þá fíngerðasta botnefnið með sér niður á lygnari svæði þar sem það fellur út og safnast fyrir sem leir og sandur. Oft er aðeins ber klöppin eftir þar sem halli og straumur er mikill (Davíð Egilsson o.fl. 1990). Seiði finnast ekki í miklum þéttleika á sand og leirbotni m.a. vegna þess að fæða er oft meiri þar sem yfirborð botnflatar er meira, rými og skjól er einnig meira þar sem flóknari og grófari botngerð er til staðar (Þórólfur Antonsson 2000; Elín Ragnheiður Guðnadóttir 2002).

Á Íslandi finnast þrjár laxfiskategundir í ferskvatni, lax, bleikja og urriði. Tegundirnar hafa aðlagast fjölbreytilegum vistsamfélögum og umhverfispáttum á mismunandi hátt og felst breytileikinn bæði í mun á tegundum og ólíkum aðlögunum innan tegunda (Skúli Skúlason, Sigurður S. Snorrason og Bjarni Jónsson 1999; Bjarni Jónsson og Skúli Skúlason 2000; Bjarni Jónsson 2002; Guðmundur Ingi Guðbrandsson 2002; Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson 2002). Nokkur munur er á því hvaða búsvæði henta mismunandi tegundum laxfiska best en straumur, dýpi, magn uppleystra næringarefna og botngerð skipta þar einna mestu máli. Bleikja er t.d. oftari á lygnari og grynri svæðum en lax og því er hana oftari að finna á finna undirlagi en laxinn (Þórólfur Antonsson 2000; Elín Ragnheiður Guðnadóttir 2002). Á svæðum þar sem mikið stórgrýti og klöpp er að finna er straumur oftast orðinn of mikill til að laxfiskaseiði þrífist þar vel.

Talsvert er vitað um búsvæðaval laxfiskaseiða og hefur það verið nýtt við rannsóknir og ráðgjöf um laxfiska á Íslandi í mörg ár. Á Veiðimálastofnun hefur verið þróað kerfi til að meta búsvæði seiða í ám með svokölluðu botnmati. Botnmatskerfið er byggt á reynslu erlendis frá (Klemm og Lazorchack 1994; Caron og Talbot 1993) ásamt nokkurra ára þróunarvinnu hérlendis (Sigurður Guðjónsson og Bjarni Jónsson

1998; Sigurður Már Einarsson 1998; Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998; Þórólfur Antonsson 2000; Eik Elfarsdóttir og Friðþjófur Árnason 2002). Botnmatið byggist á því að meta grófleika botns og er það mat notað til að segja til um hve gott svæðið er til seiðauppeldis (Þórólfur Antonsson 2000). Botnmat má nota til að skilgreina og vernda búsvæði seiða fyrir raski eins og malartekju úr ám og til hliðsjónar við seiðasleppingar. Botnmat hefur einnig verið notað sem einn af grundvallarþáttum við arðskrárgerð áa. Til framtíðar litið mun botnmat gegna veigamiklu hlutverki við verndun laxastofna og markvissa veiðinýtingu. Það getur sagt að nokkru til um hve mikið af seiðum einstakir árkaflar geta framfleytt, hve mikil nýliðun þarf að vera til staðar svo búsvæði séu fullnýtt og skýrt þætti sem hafa áhrif á lífsögu mismunandi laxastofna.

Aðferðir

Búsvæðamat Laxár á Ásum fór fram í ágúst 2000. Farið var með ánni frá Laxárvatni að ósum. Nánari úttekt var gerð á 3,6 km kafla neðan við Mánafoss og rafveituskurðinum vorið 2002. Við búsvæðamatið var ánni skipt upp í 3 meginsvæði sem svo var skipt í 39 nokkuð einsleita kafla. Við skilgreiningu á einsleitum kafla var aðallega tekið tillit til þess að botngerð og straumlag væri svipað. Á hverjum kafla voru tekin 1 til 6 þversnið (Þórólfur Antonsson 2000). Á hverju þversniði var breidd árinna mæld og grófleiki botnsins metinn til hundraðshluta en grófleikaflokkar botnefnanna voru 5 (tafla 1). Dýpi árinna var mælt með því að reka kvarðaða stiku í botn árinna með um 5 m millibili á hverju sniði en fyrsta mæling frá hvorum bakka var gerð um 1 m frá landi. Á stikunni var einnig þverslá með kvörðum sem sýndu 1 cm, 7 cm og 20 cm sem auðveldaði matið á grófleika botnsins.

Lengd kaflanna var mæld af korti Landmælinga Íslands (1:50.000) í tölvu. Lengdin var mæld milli GPS-staðsetningarpunkta (punktar voru skráðir við öll snið). Beinar mælingar á bakkalengd á vettvangi myndu væntanlega leiða til nákvæmari niðurstöðu um lengd árinna en slíkar mælingar eru hluti arðskrármata. Mældar vegalengdir af kortum má hins vegar nota með stuðningi hnita sem stuðla til að umreikna vegalengdir ef nákvæmari mælingar verða gerðar á lengd árinna og einstakra kafla.

Hundraðshluti hverrar botngerðar og breidd ár var reiknað út fyrir hvern kafla sem meðaltal mælinga allra sniða á kaflanum. Þar sem áin rann í kvíslum voru botngildin reiknuð hlutfallslega eftir breidd kvíslanna. Til að finna út framleiðslugildi (FG) kaflanna var sá hundraðshluti sem hver kornastærð botnefnis fékk margfölduð með svokölluðu botngildi (tafla 1). Margfeldi botngilda og kornastærðar var svo lagt saman fyrir hvern kafla og þá fékkst framleiðslugildið (FG) fyrir kaflann. Framleiðslugildi hvers kafla var svo margfaldað með botnfleti sama kafla og deilt í með 1000, þá var kominn fjöldi framleiðslueininga (FE) kaflans (Þórólfur Antonsson 2000).

Niðurstöður

Samkvæmt mælingum af kortum reyndist Laxá á Ásum vera um 15,7 km löng frá laxastiga við Laxárvatn að ósum. Þessum 15,7 km var skipt upp í 39 kafla sem voru 50 til 1280 m langir og 12,9 til 40 m breiðir. Dýpi árinna (ekki mælt í eða við hylti í áni) reyndist vera mest um 90 cm (tafla 2).

Framleiðslugildi voru reiknuð fyrir hvern kafla og voru þau á bilinu 2,9 til 38,4 en hæsta mögulega gildi var 55. Flest voru gildin yfir 25. Heildarframleiðslueiningar Laxár á Ásum voru 9468 (tafla 2).

Ársvæðið frá Laxárvatni að Mánafossi telur um 35% reiknaðra framleiðslueininga búsvæða fyrir Laxaseiði í Laxá, rafveituskurður um 2%, og svæðið frá Mánafossi að vatnslögnum yfir ána (skammt frá Svartabakka) um 27%. Þaðan að Þjóðvegi 1 reiknast um 23% framleiðslueininga Laxár og frá Þjóðvegi að ósum árinna um 13% (tafla 2).

Kaflarnir í efri hluta árinna höfðu flestir frekar há framleiðslugildi en allir kaflar með framleiðslugildi undir 20 voru á neðri hlutanum, svæði B og C. Þar sem framleiðslugildi voru lág var botngerð að mestu klöpp en á nokkrum stöðum var það einnig sandur/leir sem var ríkjandi á svæðinu. Lægsta framleiðslugildið var á neðsta kafla árinna, á ósasvæðinu, en þar er botninn nánast bara sandur. Hæsta gildið er á mjög stuttum kafla, CC, rétt neðan við Þjóðveg 1 (tafla 2 og mynd 1).

Umræður

Laxá var skipt upp í óvenju marga kafla í búsvæðamati til að endurspegla sem best breytileika árinna. Snið og mælipunktur í ánni urðu mjög margir miðað við lengd hennar. Einnig var tekið tillit til fjölmargra kvísla og hólma sem eru í ánni. Þetta grunnmat á botngerð árinna mun verða hægt að leggja til grundvallar í framtíðinni jafnvel þó áfram verði haldið með þróun á útreikningum framleiðslugilda miðað við botngerð. Vegna hrygningar í rafveituskurði og viðveru laxaseiða þar til fjölda ára var skurðurinn einnig botnmetinn með tilliti til uppeldis laxaseiða.

Búsvæði laxaseiða reyndust að jafnaði best í efsta hluta árinna en breytileiki í gæðum búsvæða jókst eftir því sem neðar kom í ána. Frá Svartabakka og til ósa skiptast á mjög góðir smágrýttir kaflar og aðrir slakari klappar og malarkaflar. Þessi mikli breytileiki í framleiðslugildum í neðri hluta árinna kemur vel fram á mynd 2 (sjá saman myndir 1 og 2).

Á heildina litið er botngerð Laxár á Ásum ein sú hentugasta sem þekktist fyrir laxaseiði í íslenskum ám. Framleiðslugildi fyrir laxaseiði eru mjög há á flestum köflum árinna og áin ber óvenjumikinn þéttleika laxaseiða á hvern fermetra (m^2) í ánni. Í samanburði við 11 aðrar laxveiðiár þar sem búsvæðamat hefur verið gert (Þórólfur Antonsson 2001) hefur Laxá bestu búsvæðin fyrir laxaseiði (mynd 3). Við þessa hentugu botngerð bætist svo að tvö vötn, Svínvatn og Laxárvatn, eru í vatnakerfinu og lengja viðstöðutíma vatns og auka framleiðni árinna. Þrátt fyrir að heildarbotnflötur Laxár sé minni en margra helstu laxveiðiáa landsins, þá gerir þessi mikla framleiðslugeta Laxár hana að einni bestu laxveiðiá landsins.

Við mat á æskilegu veiðiálagi í Laxá eftir svæðum í ánni í framtíðinni og þörf á nýliðun, verður hægt að styðjast við þetta búsvæðamat. Jafnframt er ljósara hve stórum hluta gönguseiða Laxár einstakir kaflar eiga að jafnaði að geta skilað. Nokkrir þeirra kafla sem lakari botngerð höfðu samkvæmt búsvæðamati henta vel til búsvæða og veiðistaðagerðar. Með því að leggja áherslu á að bæta búsvæði á þeim köflum er hægt að auka framleiðslugetu árinna á laxaseiðum enn frekar. Búsvæðamatið á að geta þjónað veiðifélaginu sem markvissari grunnur að byggja á við verndun, nýtingu og fiskrækt í Laxá.

Heimildaskrá

Bjarni Jónsson 2002. Evolution of diversity among Icelandic arctic charr (*Salvelinus alpinus* L.). *Fisheries Science*. Supplement í prentun júní 2002.

Bjarni Jónsson og Skúli Skúlason 2000. Polymorphic segregation in arctic charr *Salvelinus alpinus* (L.) from Vatnshlíðarvatn, a shallow Icelandic lake. *Biological Journal of the Linnean Society*, **69**: Bls. 55-74.

Caron, F. og Talbot, A. 1993. Re-evaluation of classification criteria for juvenile salmon. Í: Gibson, R.J. og Cutting, R.E. (ritstj.), Production of juvenile Atlantic salmon, *Salmo salar*, in natural waters. *Can. Spec. Publ. Fish. Aquat. Sci.* **118**: Bls. 139-148.

Davíð Egilsson, Freysteinn Sigurðsson, Helgi Jóhannesson, Páll Sigðurðsson, Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson og Stefán H. Sigfússon 1990. Fallvötn og landbrot. Rit gefið út sameiginlega af Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Vegagerð ríkisins og Veiðimálastofnun. 40 bls.

Eik Elfarsdóttir og Friðþjófur Árnason 2002. Mat á búsvæðum bleikjuseiða í Eyjafjarðará. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/0202.

Elín Ragnheiður Guðnadóttir 2002. Áhrif umhverfisbátta á útbreiðslu ferskvatnsfisktegunda í Héraðsvötnum og hliðarám þeirra. Fimm eininga rannsóknaverkefni, maí 2002. Háskóli Íslands, Líffræðiskor.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson 2002. Phenotypic and genetic basis of segregation in shape and life history among Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) in River Víðidalsá, NW-Iceland. Fimm eininga rannsóknaverkefni, júní 2002. Háskóli Íslands, Líffræðiskor.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Bjarni Jónsson 2002. Phenotypic and genetic basis of segregation in shape and life history among Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) in River Víðidalsá, NW-Iceland. *Fisheries Science*. Supplement í prentun júní 2002.

Klemm D.J og Lazorchak, J.M (ritstj.) 1994. Environmental monitoring and assessment program - Surface water 1994. Streams pilot operations and methods manual. Cincinnati, Ohio. 93 bls.

Sigurður Már Einarsson 1998. Mat á búsvæðum fyrir lax í Grímsá og Tunguá. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-V/98001.

Sigurður Guðjónsson og Bjarni Jónsson 1998. Búsvæði og nýting bleikju í Svarfaðardalsá. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/98016.


Skúli Skúlason, Sigurður S. Snorrason og Bjarni Jónsson 1999. Sympatric morphs, populations and speciation in freshwater fish with emphasis on arctic charr. Í: Evolution of Biological Diversity (Ritstj. Anne E. Magurran og Robert M. May). Oxford University Press. Bls. 70-92.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998. Búsvæði laxfiska í Elliðaám. Framvinduskýrsla í lífríkisrannsóknum. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/98001.


Þórólfur Antonsson 2000. Verklýsing fyrir mat á búsvæðum seiða laxfiska í ám. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/0014.

Þórólfur Antonsson, 2001. Mat á búsvæðum laxaseiða í Hofsá. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/0118.


Kort Landmælinga Íslands, kortablað 1716 II, mælikvarði 1:50000.



Mynd 1. Svæðaskipting við búsvæðamat í Laxá á Ásum.



Mynd 2. Framleiðslugildi (FG) eftir árköflum (sjá mynd 1). Frá Laxárvatni (kafli 1) til ósa Laxár (kafli 39).



Mynd 3. Framleiðslueiningar (FE) á m² í völdum laxveiðiám samkvæmt búsvæðamati Veiðimálastofnunar.

Tafla 1. Botngerðarflokkar eftir þvermáli botnefna og botngildi sem gefið er fyrir hvern botngerðarflokk fyrir laxaseiði.

| Botngerð | Þvermál Botnefna (sm) | Botngildi Lax |
|-----------------|----------------------------------|--------------------------|
| Leir/sandur | 0 – 1 | 0,022 |
| Möl | 1 – 7 | 0,2 |
| Smágrýti | 7 – 20 | 0,55 |
| Stórgrýti | >20 | 0,2 |
| Klöpp | | 0,03 |

Stærðfræðingur er uppreiðisskiptur og fyrir laxaseiði. Svæði eru táknuð með bófstöfum (sjá mynd 1).

| Kafli | Mesta dýpi (cm) | Kafla- lengd (m) | Breidd (m) ^a | Flatarmál (m ²) | Leir/sandur < 1 cm | | | Möl 1-7 cm | | | Smágrýti 7-20 cm | | | Stórgrýti > 20 cm | | | Klökk | | Framleiðslu- gildi (FG) | Framleiðslu- einingar (FE) FG*m ² /1000 | FE á m ² | Hlutfall FE 1 % |
|--------------|-----------------|------------------|-------------------------|-----------------------------|--------------------|--------|------|------------|-------|---------|------------------|--------|------|-------------------|-------------|-------------|--------------|---------------|-------------------------|--|---------------------|-----------------|
| | | | | | % | x 0.02 | % | x 0.02 | % | x 0.2 | % | x 0.55 | % | x 0.2 | % | x 0.2 | % | x 0.03 | | | | |
| AA | 50 | 472 | 17.0 | 8024.0 | 0.0 | 0.0 | 5.0 | 1.0 | 48.0 | 26.4 | 45.0 | 9.0 | 2.0 | 0.1 | 36.5 | 293 | 0.036 | 3.09 | | | | |
| AB | 70 | 250 | 18.2 | 4537.5 | 0.0 | 0.0 | 42.5 | 8.5 | 37.5 | 20.6 | 20.0 | 4.0 | 0.0 | 0.0 | 33.1 | 150 | 0.033 | 1.59 | | | | |
| AC | 70 | 386 | 13.8 | 5326.8 | 0.0 | 0.0 | 10.0 | 2.0 | 41.7 | 22.9 | 48.3 | 9.7 | 0.0 | 0.0 | 34.6 | 184 | 0.035 | 1.95 | | | | |
| AD | 60 | 216 | 12.9 | 2775.6 | 2.5 | 0.1 | 47.5 | 9.5 | 35.0 | 19.3 | 15.0 | 3.0 | 0.0 | 0.0 | 31.8 | 88 | 0.032 | 0.93 | | | | |
| AE | 75 | 816 | 22.0 | 17924.8 | 15.0 | 0.3 | 56.7 | 11.3 | 18.3 | 10.1 | 10.0 | 2.0 | 0.0 | 0.0 | 23.7 | 425 | 0.024 | 4.49 | | | | |
| AF | 55 | 1086 | 20.3 | 22089.2 | 0.0 | 0.0 | 11.0 | 2.2 | 47.0 | 25.9 | 42.0 | 8.4 | 0.0 | 0.0 | 36.5 | 805 | 0.036 | 8.50 | | | | |
| AG | 50 | 1280 | 21.4 | 27443.2 | 3.0 | 0.1 | 32.0 | 6.4 | 38.0 | 20.9 | 27.0 | 5.4 | 0.0 | 0.0 | 32.8 | 899 | 0.033 | 9.50 | | | | |
| AH | 50 | 527 | 26.0 | 13702.0 | 0.0 | 0.0 | 14.3 | 2.9 | 43.3 | 23.8 | 41.7 | 8.3 | 2.3 | 0.1 | 35.1 | 481 | 0.035 | 5.08 | | | | |
| AI | 34 | 265 | 25.6 | 6770.8 | 5.0 | 0.1 | 15.0 | 3.0 | 25.0 | 13.8 | 42.5 | 8.5 | 12.5 | 0.4 | 25.7 | 174 | 0.026 | 1.84 | | | | |
| AJ | 35 | 108 | 29.2 | 3148.2 | 5.0 | 0.1 | 21.8 | 4.4 | 32.5 | 17.9 | 40.7 | 8.1 | 0.0 | 0.0 | 30.5 | 96 | 0.030 | 1.01 | | | | |
| AK | 38 | 165 | 21.9 | 3605.3 | 5.0 | 0.1 | 25.0 | 5.0 | 30.0 | 16.5 | 30.0 | 6.0 | 20.0 | 0.6 | 28.2 | 102 | 0.028 | 1.07 | | | | |
| AL | 50 | 184 | 17.4 | 3201.6 | 5.0 | 0.1 | 16.5 | 3.3 | 19.0 | 10.5 | 32.0 | 6.4 | 27.5 | 0.8 | 21.1 | 67 | 0.021 | 0.71 | | | | |
| AM | 48 | 705 | 24.2 | 17032.8 | 5.0 | 0.1 | 27.0 | 5.4 | 37.0 | 20.4 | 31.0 | 6.2 | 0.0 | 0.0 | 32.1 | 546 | 0.032 | 5.77 | | | | |
| AN | 39 | 139 | 32.6 | 4524.5 | 5.0 | 0.1 | 31.5 | 6.3 | 36.2 | 19.9 | 27.3 | 5.5 | 0.0 | 0.0 | 31.8 | 144 | 0.032 | 1.52 | | | | |
| AO | 49 | 581 | 25.9 | 15018.9 | 5.0 | 0.1 | 40.0 | 8.0 | 35.0 | 19.3 | 20.0 | 4.0 | 0.0 | 0.0 | 31.4 | 471 | 0.031 | 4.97 | | | | |
| AP | 58 | 794 | 18.9 | 14966.9 | 7.5 | 0.2 | 42.5 | 8.5 | 33.8 | 18.6 | 16.3 | 3.3 | 0.0 | 0.0 | 30.5 | 456 | 0.030 | 4.82 | | | | |
| AQ | 47 | 124 | 22.4 | 2777.6 | 6.2 | 0.1 | 37.2 | 7.4 | 31.1 | 17.1 | 25.6 | 5.1 | 0.0 | 0.0 | 29.8 | 83 | 0.030 | 0.87 | | | | |
| AR | 40 | 603 | 20.0 | 12029.9 | 5.0 | 0.1 | 27.5 | 5.5 | 35.0 | 19.3 | 32.5 | 6.5 | 0.0 | 0.0 | 31.4 | 377 | 0.031 | 3.98 | | | | |
| BA | 70 | 474 | 22.1 | 10475.4 | 5.4 | 0.1 | 40.1 | 8.0 | 36.1 | 19.8 | 12.1 | 2.4 | 6.5 | 0.2 | 30.6 | 320 | 0.031 | 3.38 | | | | |
| BB | 40 | 337 | 17.0 | 5712.2 | 2.5 | 0.1 | 67.5 | 13.5 | 27.5 | 15.1 | 2.5 | 0.5 | 0.0 | 0.0 | 29.2 | 167 | 0.029 | 1.76 | | | | |
| BC | 60 | 397 | 17.3 | 6868.1 | 15.0 | 0.3 | 57.5 | 11.5 | 12.5 | 6.9 | 5.0 | 1.0 | 10.0 | 0.3 | 20.0 | 137 | 0.020 | 1.45 | | | | |
| BD | 80 | 250 | 14.0 | 3487.5 | 10.0 | 0.2 | 42.5 | 8.5 | 27.5 | 15.1 | 20.0 | 4.0 | 0.0 | 0.0 | 27.8 | 97 | 0.028 | 1.02 | | | | |
| BE | 70 | 376 | 16.6 | 6229.1 | 3.3 | 0.1 | 26.7 | 5.3 | 38.3 | 21.1 | 26.7 | 5.3 | 5.0 | 0.2 | 32.0 | 199 | 0.032 | 2.10 | | | | |
| BF | 70 | 619 | 24.9 | 15392.5 | 10.7 | 0.2 | 72.3 | 14.5 | 11.7 | 6.4 | 3.7 | 0.7 | 1.7 | 0.1 | 21.9 | 337 | 0.022 | 3.56 | | | | |
| BG | 50 | 174 | 16.3 | 2827.5 | 0.0 | 0.0 | 22.5 | 4.5 | 32.5 | 17.9 | 32.5 | 6.5 | 12.5 | 0.4 | 29.3 | 83 | 0.029 | 0.87 | | | | |
| BH | 40 | 63 | 25.8 | 1625.4 | 30.0 | 0.6 | 45.0 | 9.0 | 20.0 | 11.0 | 5.0 | 1.0 | 0.0 | 0.0 | 21.6 | 35 | 0.022 | 0.37 | | | | |
| BI | 55 | 356 | 19.3 | 6853.0 | 4.0 | 0.1 | 13.5 | 2.7 | 20.0 | 11.0 | 15.0 | 3.0 | 47.5 | 1.4 | 18.2 | 125 | 0.018 | 1.32 | | | | |
| BÍ | 40 | 197 | 33.1 | 6520.7 | 0.0 | 0.0 | 20.0 | 4.0 | 45.0 | 24.8 | 30.0 | 6.0 | 5.0 | 0.2 | 34.9 | 228 | 0.035 | 2.40 | | | | |
| BJ | 50 | 91 | 31.6 | 2871.1 | 1.5 | 0.03 | 6.0 | 1.2 | 11.5 | 6.3 | 11.0 | 2.2 | 70.0 | 2.1 | 11.9 | 34 | 0.012 | 0.36 | | | | |
| BK | 40 | 371 | 26.6 | 9877.9 | 0.0 | 0.0 | 18.2 | 3.6 | 44.0 | 24.2 | 36.5 | 7.3 | 1.3 | 0.04 | 35.2 | 348 | 0.035 | 3.67 | | | | |
| BL | 50 | 62 | 21.7 | 1342.3 | 0.0 | 0.0 | 11.0 | 2.2 | 36.5 | 20.1 | 35.0 | 7.0 | 17.5 | 0.5 | 29.8 | 40 | 0.030 | 0.42 | | | | |
| CA | 30 | 199 | 25.2 | 5014.8 | 1.0 | 0.02 | 1.0 | 0.2 | 4.0 | 2.2 | 4.0 | 0.8 | 90.0 | 2.7 | 5.9 | 30 | 0.006 | 0.31 | | | | |
| CB | 40 | 192 | 23.7 | 4550.4 | 1.5 | 0.03 | 15.0 | 3.0 | 15.0 | 8.3 | 11.0 | 2.2 | 57.5 | 1.7 | 15.2 | 69 | 0.015 | 0.73 | | | | |
| CC | 50 | 50 | 24.8 | 1237.5 | 0.0 | 0.0 | 17.5 | 3.5 | 52.5 | 28.9 | 30.0 | 6.0 | 0.0 | 0.0 | 38.4 | 47 | 0.038 | 0.50 | | | | |
| CD | 55 | 495 | 22.1 | 10914.8 | 0.8 | 0.02 | 15.5 | 3.1 | 20.0 | 11.0 | 23.8 | 4.8 | 40.0 | 1.2 | 20.1 | 219 | 0.020 | 2.31 | | | | |
| CE | 90 | 452 | 19.7 | 8911.9 | 0.5 | 0.01 | 20.6 | 4.1 | 40.9 | 22.5 | 37.9 | 7.6 | 0.0 | 0.0 | 34.2 | 305 | 0.034 | 3.22 | | | | |
| CF | 50 | 389 | 26.7 | 10386.3 | 5.0 | 0.1 | 51.2 | 10.2 | 34.4 | 18.9 | 9.4 | 1.9 | 0.0 | 0.0 | 31.1 | 323 | 0.031 | 3.42 | | | | |
| CG | 65 | 312 | 23.6 | 7347.6 | 15.6 | 0.3 | 70.0 | 14.0 | 11.4 | 6.2 | 3.0 | 0.6 | 0.0 | 0.0 | 21.2 | 155 | 0.021 | 1.64 | | | | |
| CH | 40 | 1098 | 40.0 | 43920.0 | 95.0 | 1.9 | 5.0 | 1.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 2.9 | 127 | 0.003 | 1.35 | | | | |
| Rafv* | 50 | 1031 | 6.425 | 6624.2 | 7.5 | 0.15 | 37.5 | 7.5 | 33.75 | 18.5625 | 21.25 | 4.25 | 0.0 | 0.0 | 30.5 | 202 | 0.030 | 2.13 | | | | |
| Heild | | | | 274188.9 | | | | | | | | | | | 27.4 | 9468 | 0.035 | 100.00 | | | | |

* = Rafveituskurður

Viðauki Ia. Frumgögn úr búsvæðamati í Laxá á Ásum.

| Kafli nr. | Botngerð steinastærð cm. | | | | | Breidd (m) | Dýpi (cm) | GPS - hnit | |
|---|--------------------------|--------|----------|-----------|-------|---------------|-------------------------|------------|---------|
| | Leir/sandur | Möl | Smágrýti | Stórgrýti | Klöpp | | | N° | W° |
| | 0-1 cm | 1-7 cm | 7-20 cm | >20 cm | | | | | |
| Byrjunarhnit við laxastiga. | | | | | | | | 6535225 | 2011010 |
| AA1 | | 5 | 50 | 35 | 10 | 22.4 | 50/50/40/35/30/30 | 6535213 | 2011050 |
| AA1a | | 5 | 40 | 55 | | 7.5 | 40/50/20 | 6535196 | 2011064 |
| AA1b | | 5 | 40 | 55 | | 4.6 | 25/40/40 | 6535212 | 2011080 |
| AA1aa | | 5 | 50 | 45 | | 8.3 | 40/35/35 | 6535218 | 2011280 |
| AA1bb | | 5 | 50 | 45 | | 8.4 | 20/30/25 | 6535244 | 2011260 |
| Hnit þar sem hvíslarnar sameinast. | | | | | | | | 6535251 | 2011297 |
| AA2 | | 5 | 50 | 45 | | 17.5 | 50/40/40/45/40 | 6535286 | 2011333 |
| AA3 | | 5 | 50 | 45 | | 16.3 | 40/45/45/25/20 | 6535320 | 2011452 |
| Hnit við kaflaskil | | | | | | | | 6535331 | 2011481 |
| AB1 | | | 40 | 40 | 20 | 20 | 35/10/20/30/40 | 6535352 | 2011524 |
| AB2 | | | 45 | 35 | 20 | 16.3 | 30/60/70/25/10 | 6535401 | 2011696 |
| AC1 | | | 10 | 40 | 50 | 14.3 | 50/60/65/70/60 | 6535438 | 2011692 |
| AC2 | | | 10 | 40 | 50 | 14.4 | 50/50/35/50/30 | 6535505 | 2011799 |
| AC3 | | | 10 | 45 | 45 | 12.7 | 40/30/30/30 | 6535547 | 2011970 |
| AD1 | | | 40 | 40 | 20 | 12.8 | 60/50/40/30 | 6525555 | 2012058 |
| AD2 | 5 | | 55 | 30 | 10 | 12.9 | 55/40/40/30 | 6535563 | 2012043 |
| Hnit við kaflaskil | | | | | | | | 6535668 | 2012276 |
| AE1 | 20 | | 50 | 20 | 10 | 19.3 | 30/30/40/60/50 | 6535616 | 2012193 |
| AE2 | 10 | | 60 | 20 | 10 | 23.6 | 70/75/60/60/60 | 6535668 | 2012270 |
| AE3 | 15 | | 60 | 15 | 10 | 23 | | 6535790 | 2012671 |
| Hnit við kaflaskil, þar sem kylur endar | | | | | | | | 6535923 | 2012879 |
| AF1 | | | 10 | 50 | 40 | 15 | 30/30/35/30 | 6535963 | 2012860 |
| AF2 | | | 10 | 50 | 40 | 18.7 | 40/50/30/30/40 | 6536032 | 2012897 |
| AF3 | | | 10 | 45 | 45 | 24.3 | 35/35/40/50/40/40/40 | 6536137 | 2013017 |
| AF4 | | | 10 | 45 | 45 | 25.7 | 20/35/45/35/40/50 | 6536254 | 2013227 |
| AF5 | | | 15 | 45 | 40 | 18 | 40/55/45/30/20 | 6536383 | 2013465 |
| AG1 | 10 | | 40 | 30 | 20 | 24.3 | 20/35/25/40/15/15 | 6536397 | 2013495 |
| AG2 | 5 | | 30 | 40 | 25 | 17.1 | 20/40/40/40/30/20 | 6536486 | 2013618 |
| AG3 | | | 30 | 40 | 30 | 24.2 | 20/40/20/40/25/20 | 6536602 | 2013626 |
| AG4 | | | 30 | 40 | 30 | 24.8 | 20/25/40/40/35/15 | 6536749 | 2013545 |
| AG5 | | | 30 | 40 | 30 | 16.8 | 20/30/50/35/25 | 6536880 | 2013655 |
| AH1 | | | 15 | 45 | 40 | 23 | 20/45/40/45/30/50/40 | 6536995 | 2013705 |
| AH2 | | | 13 | 45 | 40 | 7 | 20/35/45/40/35/20 | 6537060 | 2013919 |
| AH3 | | | 15 | 40 | 45 | 32 | 25/40/40/35/35/20/30/15 | 6537126 | 2013975 |
| AI1 | 5 | | 15 | 20 | 40 | 28.7 | 8/25/17/34/12/20/27 | 6537252 | 2014209 |
| AI2 | 5 | | 15 | 30 | 45 | 22.4 | 15/19/30/28/18/21 | 6537258 | 2014304 |
| Kafaskil þar sem áin kvíslast í kringum hólma | | | | | | | | 6537269 | 2014377 |
| AJ1a (v) | 5 | | 15 | 30 | 50 | 29.3 | 30/11/22/8/29/25 | 6537269 | 2014377 |
| AJ1b (a) | 5 | | 20 | 30 | 45 | 8.4 | 36/10/34/19/9 | 6537288 | 2014388 |
| AJ2a (v) | 5 | | 30 | 35 | 30 | 24.7 | 34/20/20/10 | 6537322 | 2014419 |
| AJ2b (a) | 5 | | 15 | 35 | 45 | 4.9 | 35/33/27 | 6537317 | 2014405 |
| Kafaskil þar sem kvísl endar | | | | | | | | 6537325 | 2014415 |
| AK1 | 5 | | 25 | 30 | 40 | 16.8 | 18/38/35/20 | 6537349 | 2014392 |
| AK2 | 5 | | 25 | 30 | 20 | 26.9 | 21/31/11/10/29/15 | 6537381 | 2014395 |
| Snið á kaflaskilum við upphaf kvíslar | | | | | | | | | |
| AL1a (v) | 5 | | 30 | 30 | 35 | 8.7 | 10/10/20/10 | 6537420 | 2014504 |
| AL1b (a) | 5 | | 10 | 10 | 25 | 13 | 42/41/12/12 | 6537402 | 2014412 |
| AL2b | 5 | | 15 | 20 | 35 | 13.1 | 17/19/50/20 | 6537445 | 2014482 |
| Kafaskil þar sem hólmi endar | | | | | | | | | |

Viðauki Ib. Frumgögn úr búsvæðamati í Laxá á Ásum.

| Kafli nr. | Botngerð steinastærð cm. | | | | Breidd (m) | Dýpi (cm) | GPS - hnit | |
|---|--------------------------|--------|----------|-----------|------------|----------------------------|------------|---------|
| | Leir/sandur | Möl | Smágrýti | Stórgrýti | | | N° | W° |
| | 0-1 cm | 1-7 cm | 7-20 cm | >20 cm | | | | |
| AM1 | 5 | 25 | 35 | 35 | 20.2 | 40/48/23/12/10 | 6537496 | 2014607 |
| AM2 | 5 | 35 | 35 | 25 | 42.6 | 19/25/12/34/28/10/11/12/39 | 6537517 | 2014676 |
| AM3 | 5 | 25 | 40 | 30 | 21 | 33/22/35/37/10 | 6537585 | 2014716 |
| AM4 | 5 | 25 | 40 | 30 | 17.1 | 21/48/48/20/8 | 6537684 | 2014685 |
| AM5 | 5 | 25 | 35 | 35 | 19.9 | 30/40/40/32/17 | 6537764 | 2014889 |
| Kafaskil við hólma | | | | | | | | |
| AN1a (v) | 5 | 20 | 40 | 35 | 12.4 | 20/38/28/39 | 6537804 | 2014952 |
| AN1b (a) | 5 | 30 | 35 | 30 | 13.9 | 24/20/22/15 | 6537817 | 2014920 |
| AN2a (v) | 5 | 35 | 35 | 25 | 17.3 | 21/22/18/18 | 6537833 | 2014979 |
| AN2b (a) | 5 | 40 | 35 | 20 | 21.5 | 30/18/11/12/20 | 6537840 | 2014968 |
| Kafaskil þar sem hólmi endar | | | | | | | | |
| AO1 | 5 | 45 | 35 | 15 | 29 | 25/12/19/10/12/35/30 | 6537897 | 2014999 |
| AO2 | 5 | 35 | 35 | 25 | 22.7 | 30/40/49/48/20/8 | 6538095 | 2015035 |
| AP1 | 10 | 45 | 35 | 10 | 18.5 | 10/32/45/40/25 | 6538152 | 2015124 |
| AP2 | 10 | 50 | 35 | 5 | 19.5 | 21/21/35/46/14 | 6538292 | 2015291 |
| AP3 | 5 | 35 | 30 | 30 | 16.5 | 28/25/40/48/22 | 6538382 | 2015431 |
| AP4 | 5 | 40 | 35 | 20 | 20.9 | 15/38/48/58/35 | 6538399 | 2015519 |
| Kafaskil við hólma | | | | | | | | |
| AQ1a (v) | 5 | 35 | 35 | 25 | 8 | 10/25/13 | 6538388 | 2015595 |
| AQ1b (a) | 5 | 25 | 30 | 40 | 10.5 | 25/39/45/30 | 6538413 | 2015616 |
| AQ2a (v) | 5 | 45 | 30 | 20 | 13.9 | 25/19/14/20 | 6538393 | 2015663 |
| AQ2b (a) | 10 | 45 | 30 | 15 | 12.4 | 47/45/28/31 | 6538400 | 2015669 |
| Kafaskil þar sem hólmi endar | | | | | | | | |
| AR1 | 5 | 25 | 35 | 35 | 21.7 | 28/25/23/31/38/32 | 6538390 | 2015782 |
| AR2 | 5 | 30 | 35 | 30 | 18.2 | 40/30/25/35/35 | 6538421 | 2016152 |
| Kafaskil við vatnsrör | | | | | | | | |
| BA1 | 3 | 40 | 45 | 12 | 29 | 70/30/35/40/40/30/20/10 | 6538406 | 2016484 |
| Hnit við hólma í ánni | | | | | | | | |
| BA1a | | 35 | 45 | 20 | 13.2 | 10/15/30/30 | 6538362 | 2016588 |
| BA1b | 0 | 25 | 55 | 20 | 7 | 55/50/15 | 6538393 | 2016588 |
| BA1aa | 3 | 42 | 40 | 15 | 11 | 15/35/15 | 6538370 | 2016650 |
| BA1bb | 0 | 30 | 50 | 20 | 9.4 | 30/25/15 | 6538382 | 2016617 |
| Hnit þar sem hólmi endar | | | | | | | | |
| BA2 | 3 | 48 | 40 | 10 | 19.3 | 30/38/30/25/20/15 | 6538422 | 2016841 |
| Áin skiptir sér í kringum lítinn hólma um 80m langan. | | | | | | | | |
| BA2a | 3 | 40 | 45 | 12 | jan.00 | 20/15/25 | 6538425 | 2016932 |
| BA2b | 20 | 45 | 10 | 5 | 20 | 15/35/30/15 | 6538431 | 2016932 |
| BA2aa | 15 | 65 | 15 | 5 | 10.5 | 15/20/20/30 | 6538422 | 2016945 |
| BA2bb | 10 | 20 | 10 | 5 | 55 | 10/25/20 | 6538415 | 2016976 |
| Kafaskil þar sem hólmi endar | | | | | | | | |
| BB1 | 3 | 70 | 25 | 2 | 18.3 | 10/20/30/30/20 | 6538359 | 2016111 |
| BB2 | 2 | 65 | 30 | 3 | 15.6 | 10/30/40/30/25 | 6538292 | 2016993 |
| Hnit við kafaskil | | | | | | | | |
| BC1 | 20 | 65 | 10 | 5 | 17 | 25/30/30/20/10 | 6538233 | 2016915 |
| BC2 | 10 | 50 | 15 | 5 | 20 | 10/60/50/50/30 | 6538131 | 2016928 |
| BD1 | 10 | 40 | 30 | 20 | 14.8 | 65/65/40/35/15 | 6538110 | 2016842 |
| BD2 | 10 | 45 | 25 | 20 | 13.1 | 10/50/80/25 | 6538098 | 2016840 |
| Hnit við kafaskil | | | | | | | | |
| | | | | | | | 6538009 | 2016867 |

Viðauki Ic. Frumgögn úr búsvæðamati í Laxá á Ásum.

| Kafli nr. | Botngerð steinastærð cm. | | | | | Breidd (m) | Dýpi (cm) | GPS - hnit | |
|---|--------------------------|--------|----------|-----------|-------|------------|----------------------------|------------|---------|
| | Leir/sandur | Möl | Smágrýti | Stórgrýti | Klöpp | | | N° | W° |
| | 0-1 cm | 1-7 cm | 7-20 cm | >20 cm | | | | | |
| BE1 | 5 | 30 | 40 | 25 | | 18.4 | 50/70/55/25/20 | 6538064 | 2016878 |
| BE2 | | 20 | 40 | 30 | 10 | 13.5 | 30/45/50/40/40 | 6538959 | 2016858 |
| BE3 | 5 | 30 | 35 | 25 | 5 | 17.8 | 40/50/40/30/30 | 6527897 | 2016929 |
| Kafaskil um 500m neðan brúar | | | | | | | | 6537848 | 2017015 |
| BF1 | 7 | 75 | 15 | 3 | | 29.3 | 70/60/20/5/5/10/40 | 6537826 | 2017046 |
| BF2 | 15 | 72 | 10 | 3 | | 22.6 | 20/15/20/20/10/35 | 6537691 | 2017016 |
| BF3 | 10 | 70 | 10 | 5 | 5 | 22.7 | 30/30/40/30/35/20 | 6537598 | 2017045 |
| Hnit við kafaskil | | | | | | | | 6537567 | 2017013 |
| BG1 | | 20 | 30 | 30 | 20 | 16.3 | 30/30/30/30/30 | 6537552 | 2016995 |
| BG2 | | 25 | 35 | 35 | 5 | 16.2 | 40/40/50/50/20 | 6537512 | 2016995 |
| Hnit við kafaskil | | | | | | | | 6537502 | 2017027 |
| BH1 | 30 | 45 | 20 | 5 | | 25.8 | 15/30/40/30/10/10/25 | 6537497 | 2017085 |
| Hnit við kafaskil | | | | | | | | 6537493 | 2017092 |
| BI1 | 5 | 20 | 30 | 25 | 20 | 16.0 | 55/50/35/30 | 6537480 | 2017118 |
| BI2 | 3 | 7 | 10 | 5 | 75 | 22.5 | 20/30/50/50/50/50 | 6537438 | 2017164 |
| Hnit við kafaskil | | | | | | | | 6537426 | 2017420 |
| BÍ1 | | 20 | 50 | 30 | | 35.2 | 10/20/30/30/20/30/25/15/20 | 6537420 | 2017463 |
| BÍ2 | | 20 | 40 | 30 | 10 | 31 | 15/30/30/40/15/20/30/30/15 | 6537400 | 2017615 |
| BJ1 | | 10 | 20 | 20 | 50 | 32.2 | 10/20/30/40/40/25/40/25/15 | 6537392 | 2017648 |
| BJ2 | 3 | 2 | 3 | 2 | 90 | 30.9 | 20/20/50/30/35/15/20 | 6537392 | 2017687 |
| Hnit við kafaskil | | | | | | | | 6537396 | 2017762 |
| BK1 | | 20 | 40 | 35 | 5 | 28.3 | 15/10/20/30/25/35/30/40/30 | 6537399 | 2017707 |
| Hnit við hólma í ánni | | | | | | | | 6537391 | 2017874 |
| BK1a | | 30 | 40 | 30 | | 26 | 15/15/15/10/20/40/15 | 6537388 | 2017872 |
| BK1b | | 20 | 45 | 35 | | 6.7 | 25/20/20 | 6537394 | 2017872 |
| BK1aa | | 15 | 45 | 40 | | 11.3 | 20/35/35/10 | 6537347 | 2017986 |
| BK1bb | | 15 | 45 | 40 | | 14 | 20/25/25/10 | 6537341 | 2017994 |
| Hnit þar sem hólmi endar | | | | | | | | 6537330 | 2018026 |
| BK2 | | 10 | 50 | 40 | | 20.2 | 10/25/30/40/25 | 6537313 | 2018009 |
| BL1 | | 10 | 30 | 30 | 30 | 23.7 | 25/30/50/20/15/15/10 | 6537257 | 2018035 |
| BL2 | | 12 | 43 | 40 | 5 | 19.6 | 30/50/20/30/30/35/35 | 6537048 | 2018018 |
| Hnit við kafaskil, við brú á Þjóðvegi 1 | | | | | | | | 6537229 | 2018083 |

Viðauki Id. Frumgögn úr búsvæðamati í Laxá á Ásum.

| Kaffi nr. | Botngerð steinastærð cm. | | | | Klökk | Breidd (m) | Dýpi (cm) | GPS - hnit | |
|---|--------------------------|---------------|---------------------|---------------------|-------|------------|-------------------------------|------------|---------|
| | Leir/sandur 0-1 cm | Möl 1-7 cm | Smágrýti 7-20 cm | Stórgryti >20 cm | | | | N° | W° |
| CA1 | | | 5 | 5 | 90 | 30.2 | 10/15/30/30/30/30/20/15 | 6537224 | 2018153 |
| CA1 | 2 | 2 | 3 | 3 | 90 | 20.2 | 20/20/25/30/20/15 | 6537190 | 2018235 |
| Hnit við kaflaskil | | | | | | | | 6537156 | 2018259 |
| CB1 | 0 | 10 | 15 | 15 | 60 | 23.5 | 10/20/30/20/30/30/15 | 6537139 | 2018284 |
| CB2 | 3 | 20 | 15 | 7 | 55 | 23.9 | 5/30/30/40/40/30/15 | 6537121 | 2018425 |
| Hnit við kaflaskil | | | | | | | | 6537121 | 2018467 |
| CC1 | | 15 | 55 | 30 | | 25.1 | 20/15/30/30/30/35/30 | 6537113 | 2018503 |
| CC2 | | 20 | 50 | 30 | | 24.4 | 30/50/50/20/20/15/20 | 6537117 | 2018501 |
| Hnit við kaflaskil | | | | | | | | 6537107 | 2018517 |
| CD1 | 3 | 12 | 15 | 30 | 40 | 20.3 | 10/30/40/55/25 | 6537082 | 2018518 |
| CD2 | | 25 | 25 | 10 | 40 | 38.2 | 10/20/20/30/30/15/10/10/25/25 | 6537060 | 2018577 |
| CD3 | | 15 | 20 | 25 | 40 | 16.7 | 20/30/40/40/30/20 | 6537048 | 2018680 |
| CD4 | | 10 | 20 | 30 | 40 | 13.0 | 20/30/30/30/30 | 6537009 | 2018915 |
| Hnit við kaflaskil | | | | | | | | 6539968 | 2019004 |
| CE1 | | 10 | 40 | 50 | | 21.0 | 20/30/30/30/20/30/20 | 6536961 | 2019031 |
| Hnit þar sem áin skiptist í tvær kvíslar | | | | | | | | 6536952 | 2019118 |
| CE2a | | 20 | 40 | 40 | | 13.2 | 30/30/30/30/35 | 6536932 | 2019149 |
| CE2b | | 20 | 40 | 40 | | 9.8 | 10/20/30/20 | 6536951 | 2019145 |
| CE3a | | 15 | 45 | 40 | | 12.9 | 50/30/30/35/40 | 6536934 | 2019244 |
| CE3b | 5 | 25 | 35 | 35 | | 14.3 | 10/20/10/10/40/40 | 6536941 | 2019224 |
| CE4 | | 15 | 40 | 45 | | 11.9 | 20/40/40/90 | 6536925 | 2019432 |
| Hnit þar sem áin kvíslast | | | | | | | | 6536912 | 2019478 |
| CE5a | | 45 | 45 | 10 | | 6 | 45/45/25 | 6536888 | 2019495 |
| CE5b | | 35 | 45 | 20 | | 14.6 | 30/30/50/30/20 | 6536907 | 2019511 |
| Kaflaskil þar sem áin rennur að hluta saman aftur | | | | | | | | 6536890 | 2019532 |
| CF1a | 5 | 55 | 30 | 10 | | 11.9 | 45/40/35/10 | 6536865 | 2019595 |
| CF1b | 5 | 50 | 30 | 15 | | 13 | 50/50/20/10 | 6536876 | 2019609 |
| Áin rennur saman að hluta, verður aðeins lítil kvísl eftir norðar | | | | | | | | 6536874 | 2019690 |
| CF2a | 5 | 50 | 40 | 5 | | 21.6 | 15/20/35/35/15/10 | 6536359 | 2019785 |
| CF2b | 5 | 50 | 35 | 10 | | 6.9 | 5/15/10 | 6536895 | 2019786 |
| Kaflaskil . Tekin hnit þar sem áin sameinast kvísl aftur. | | | | | | | | 6536871 | 2019993 |
| CG1 | 15 | 70 | 12 | 3 | | 25.8 | 10/30/20/25/20/25 | 6536888 | 2020050 |
| CG2a | 15 | 70 | 12 | 3 | | 7.5 | 35/10/15 | 6536861 | 2020237 |
| CG2b | 17 | 70 | 10 | 3 | | 13.8 | 10/30/55/65 | 6536893 | 2020276 |
| CH1 | 95 | 5 | | | | | | 6536872 | 2020355 |
| Rafveituskurður | | | | | | | | | |
| R1 | 10 | 35 | 40 | 15 | | 5.6 | 25/31/45 | 6537429 | 2013642 |
| R2 | 10 | 55 | 25 | 10 | | 6.3 | 30/45/50 | 6537528 | 2014112 |
| R3 | 5 | 35 | 35 | 25 | | 7.2 | 19/32/47 | 6537609 | 2014384 |
| R4 | 5 | 25 | 35 | 35 | | 6.6 | 28/30/27 | 6537606 | 2014653 |

